

Fundargerð níunda fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 6. maí 2004

Haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Herdís Tómasdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

0. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með þeim athugasemdum sem borist höfðu.

Þóra lagði fram dagskrá fundarins.

1. Sameining Fengs og Gegnis

Þóra sagði frá að stjórn Landskerfis hefði tekið vel í tillögu þá sem Skráningarráð samþykkti á síðasta fundi um átaksverkefni vegna sameiningar Fengs og Gegnis. Á fundi sem haldinn var 20. apríl með fulltrúum úr stjórn Landskerfis, frá Landskerfi bókasafna, Hildi ritstjóra Gegnis og Þóru var einnig lögð fram greinargerð um sameiningarverkefni frá Hildi, Rögnu og Þóru. Beðið er eftir svörum frá Þýskalandi um hvað verður hægt að gera vélrænt og síðan þarf að ákveða hvernig verkinu skuli hagað.

Skráningarráð telur viðbrögð Landskerfis vera viðurkenningu á þeim vanda sem við blasir varðandi tiltekt í Gegni eftir sameininguna.

2. Efnisorð

Hildur kynnti nýjar leiðbeiningar um efnisorðaskráningu sem hún sendi út á Vöndu í dag og lúta sérstaklega að sviðunum 692, 693 og 690. Mikilvægt er að flýta för efnisorða inn í stýrð svið (kerfisbundin) og lúta leiðbeiningarnar að því að styðja það.

Upplýsingar um efnisorð, sem áður höfðu verið sendar út á Vöndu, voru misvísandi þar sem efnisorðateymi tók síðar ákvörðun um annað en þar kom fram. Afar fjörugar umræður urðu um efnisorð á fundinum.

Rætt var um önnur atriði í leiðbeiningum Hildar. Erfitt er að vinna með efnisorðin eins og kerfið er núna og vinnur Dögg að lagfæringum. Rætt var um að það vantaði sérlega starfsmann til vinnu við efnisorðin, þar sem efnisorðateymið getur einungis sinnt stefnumótandi málum.

Rætt var um vöntun á tilvísunum í kerfinu bæði hvað varðar efnisorð og nafnmyndir.

Lögð var áhersla á að ekki ætti að leggja vinnu í gamalt efni heldur byrja á núllpunkti með rithjarl að baki efnisorðunum. Leggja þarf vinnuna í framtíðaruppbyggingu kerfisins.

Herdís gerði að umræðuefni erindi Gunnhildar Björnsdóttur um leit eftir efnisorðum í strengjum. Svo virðist sem \$z og \$y sé ekki leitarhæft í almennri orðaleit í 690 sviðinu, eingöngu í 651. Áríðandi er að þetta verði lagað. Vætanlega verður það komið í lag eftir að grunnurinn verður indexeraður í sumar en til þess þarf að loka kerfinu yfir helgi.

Auður ætlar að athuga fleiri svið í 6xx til að athuga hvort vandamálið er til staðar á fleiri stöðum en í 690.

3. Myndbandaskráning

Rætt var um skráningu á leiknum kvikmyndum. Ákvörðun var tekin um að þær skyldu skáðar á titil vegna fjölda jafngildra ábyrgðaraðila.

4. Tónlistarskráning

Sigrún ætlar að kalla tónlistarhóp saman til að ræða tónlistarskráningu. Í honum verða fulltrúar frá Listaháskóla Íslands, Lbs-Hbs, Borgarbókasafni og Bókasafni Hafnarfjarðar.

Hópnum er ætlað að móta reglur um skráningu tónlistar. Sérstaklega þarf að taka á tilvísunum í nöfnum og umritanir nafna rússneskra höfunda.

5. Útgáfugreining

Áður hefur skráningarráð ákveðið að útgáfustaður skuli vera í nefnifalli. Þetta þarf að áréttu og setja í skráningarhandbók. Forlög eru skráð í stystu mynd í Feng en þannig hefur það ekki verið í Gegni. Forlög á að skrá í stystu mynd.

Rætt var um gerð gátlista og samþykkt að hann ætti að vera á vef Landskerfis. Skipta þarf handbókinni í gátlista vegna skráningar, annars vegar, sem skipulagður er eftir MARCsniðinu sjálfu og verklag, hins vegar, þar sem eru upplýsingar um hvernig unnið er í kerfinu.

Sigrún ætlar að athuga tæknilegar lausnir með vefaðganginn, þannig að Hildur geti uppfært skráningarhandbókina jafnóðum á vefnum.

6. Önnur mál

Rætt var um praktísk atriði eins og skráningu og millivísanir á & merki, rómverskum tölum, 1 árs/eins árs, Mc og Mac. Í Feng hefur hingað til þurft sérstakt verklag við þessa skráningu til þess að Mc og Mac raðist rétt. Dögg sér um samræmingarlistann. Það þarf að leggjast í smá rannsóknir vegna röðunar með tilliti til þessara atriða og hvað þarf að gera til að skrá þetta þannig að það raðist rétt.

Hópar á vegum Aleflis. Sigrún ætlar að tala við Ingibjörgu Sverrisdóttur vegna lista sem Alefli er með yfir vinnuhópa sem eiga að vera að störfum. Leiðréttu þarf listann með tilliti til þess hvaða hópar eru að störfum og hvaða hópar hafa ekki verið kallaðir saman. Þetta þarf að gera fyrir aðalfund Aleflis síðar í maí.

Fundi slitið um kl. 15:40

Næsti fundur var ákveðinn 27. maí.

Fundarritari var Guðný Ragnarsdóttir